



## Þema 4. bekkur

### Plánetur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p><b>Að nemendur geti:</b></p> <p><b>Náttúrufræði</b></p> <p>Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum</p> <p>Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum</p> <p>Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra</p> <p>Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana</p> <p>Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</p> <p>Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks</p> <p>Tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu</p>	<p>Kveikja: stutt myndband. KVL blaðið – hvað kann ég, hvað vil ég vita- hvað hef ég lært. Hugstormun.</p> <p>Kennari sýnir myndband og ræðir um sólkerfið og röð plánetanna frá Sólu.</p> <p>Kennari kynnir stöðvavinnu, skipulag og hópaskiptingar. Í fyrstu vikunni eru pláneturnar Merkúr, Venus, Mars og Júpíter teknar fyrir á fjórum stöðvum, ca. 35 mínútur á hverri stöð. Þar er lesið saman um hverja plánetu og unnið í þemabækurnar.</p> <p>Í annari viku eru teknar fyrir pláneturnar Satúrnus, Neptúnus, Úranus og Sólin á stöðvum.</p> <p>Í þriðju vikunni er tunglið, jörðin, kvartilaskipti tunglsins og hreyfingar í sólkerfinu teknar fyrir.</p> <p>Kennari kynnir væntanleg hópaverkefni.</p> <p>Kennarar stýra hópaverkefnum og aðstoða nemendur eftir þörfum.</p>	<p>Nemendur skrifa inn á KVL blaðið – hvað kann ég, hvað vil ég vita- hvað hef ég lært. Taka þátt í hugstormun.</p> <p>Nemendur horfa á myndband og taka þátt í umræðum um sólkerfið. Nemendur teikna og lita sólkerfið í þema og úrklippubók.</p> <p>Stöðvavinnan hefst. Nemendur fá kynningu á skipulagi stöðvanna og hópaskiptingu. Teknar fyrir pláneturnar Merkúr, Venus, Mars og Júpíter á fjórum stöðvum, ca. 35 mínútur á hverri stöð. Lesið saman um hverja plánetu og unnið í þemabækurnar.</p> <p>Innlögn – Teknar fyrir pláneturnar Satúrnus, Neptúnus, Úranus og Sólin á fjórum stöðvum, ca. 35 mínútur á hverri stöð. Lesið saman um hverja plánetu og unnið í þemabækurnar.</p> <p>Innlögn – Jörðin og tunglið, kvartilaskipti tunglsins og hreyfingar í sólkerfinu teknar fyrir. ca. 35 mínútur á hverri stöð. Lesið saman og unnið í þemabækurnar.</p>	<p>Frammistöðumat</p> <p>Skriflegt próf</p> <p>Hópaverkefni nemenda</p> <p>Kynning á hópaverkefnum</p> <p>Þemavinnubók</p>



<p>Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna</p> <p>Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim</p> <p>Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga</p> <p>Útskýrt innbyrðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður</p> <p>Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf</p> <p>Lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á Jörðinni.</p> <p><b>Félagsheimur</b></p> <p>Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi</p> <p>Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra</p> <p>Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna</p> <p>Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur</p> <p>Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi</p>		<p>Nemendur fá kynningu á hópaverkefni.</p> <p>Nemendur vinna hópaverkefni í iPad. Kynna fyrir nemendum og foreldrum í lokin.</p>	
--	--	---	--



<p><b>Upplýsingatækni</b></p> <p>Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn</p> <p>Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu</p> <p>Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni</p> <p>Unnið með heimildir</p> <p>Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna</p>			
---	--	--	--